

**108. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
18. júní 2019 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Brynhildur Björg Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1811221 - Tillaga ungmennaráðs um samráðshóp

Samráðshópur um hlutverk ungmennaráðs hefur lokið störfum og skilar af sér tillögu að erindisbréfi.

Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála situr undir þessum lið

Skóla- og frístundaráð þakkar samráðshópi fyrir störf að mótun framtíðarstefnu um vettvang fyrir ungt fólk á Akranesi. Ráðið samþykkir erindisbréf sem lagt er fyrir fundinn og vísar málinu til bæjarráðs.

2. 1906107 - Forvarnarmál Akraneskaupstaðar

Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála fer yfir forvarnarmál Akraneskaupstaðar.

Skóla- og frístundaráð þakkar Heiðrúnu fyrir greinagóða yfirferð á forvarnarmálum Akraneskaupstaðar.

Ráðið leggur til að fundur ráðsins í september verði helgaður forvörnum og á hann verði boðaðir þeir aðilar vinna að forvörnum og sem hafa hagsmuna að gæta.

3. 1905384 - Samstarf um afþreyingu í vetrarfríum

Afþreying fyrir börn og foreldra í vetrarfrí.

Heiðrún situr áfram undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir upplýsingarnar frá tómsfundateyminu og óskar eftir að fá frekari upplýsingar um framvindu verkefnisins á fyrsta fundi í september.

4. 1906109 - Vinnuskóli

Umræða um þróun vinnuskólans.

Heiðrún situr áfram og Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi stjórnenda í Grundaskóla og Sindri Birgisson umhverfisstjóri koma inn á fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð leggur til að sviðsstjóri skipulags- og umhverfissvið og sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggi drög að undirbúningi að framtíð

vinnuskólans.

Heiðrún og Sigurður Arnar víkja af fundi.

5. 1905353 - Leikskólalóðir

Umhverfisstjóri Sindri Birgisson segir frá stöðu leikvalla Akraneskaupstaðar.

Sindri situr áfram og Björg Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra kemur inn á fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar Sindra fyrir kynninguna. Ráðið vísar málinu til skipulags- og umhverfissviðs og leggur til að útfærsla á lausn, sem rúmast innan fjárhagsáætlunar, verði gerð í samvinnu við leikskólastjóra.

Óskað eftir að tillaga að lausn liggja fyrir á fundi skóla- og frístundaráðs 2. júlí.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Bera Daðadóttir
 Sandra M. Sigurjónsd.
 Ragnar Semur
 Valgerður Jónsdóttir
 Friðbjörg Teyrnisdóttir